



Reykjavík, 29.06.2026

Málsnúmer: USK2602362

Innkaupa- og framkvæmdaráð

Útboð 16279 Hlemmur norður og borgarlína um Hlemm, gatnagerð, lagnir og yfirborðsfrágangur.

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 13. maí 2026 og skiluðu 4 fyrirtæki inn tilboði. Ekkert tilboð uppfyllti kröfur um hæfi og var öllum tilboðum hafnað á grundvelli þess að þau væru óaðgengileg, sbr. 2. mgr. 82. gr. laga um opinber innkaup (120/2016), þar sem enginn bjóðanda uppfyllti allar kröfur um hæfi, ýmist vegna starfsréttinda, sbr. 70. gr., eða fjárhagsstöðu, sbr. 71. gr. laga um opinber innkaup, með vísun til 69. gr. sömu laga. Þar með teljast tilboðin ekki fullnægjandi í skilningi a. liðar 39. gr. sömu laga.

Umhverfis- og skipulagssvið óskar eftir heimild til að ganga til samninga á grundvelli samningskaupa skv. a. lið 39. gr. laga um opinber innkaup.

Ólöf Örvarsdóttir
Sviðsstjóri
Umhverfis- og skipulagssvið